

Hellismenn ehf  
610793-2319  
Co/ Engilbert Olgeirsson  
Nefsholt 1b  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Hella 17.05.2016  
(UST201602-211)

**Leyfi til þess að setja upp fjarskiptasendi:**

Við er til erindis Hellismanna móttakið 19. febrúar, 2016 vegna leyfis til þess að setja upp fjarskiptasendi á fjallinu Sátu innan friðlands að Fjallabaki.

**Lýsing framkvæmdar:**

Farið verður með lítinn fjarskiptasendi á vélsleða eða snjóþív á snjó uppá fjallið Sátu sem er sunnan við Landmannahelli. Sendirinn er lítill fyrirferðar og verður hann fergður á jörðina. Framkvæmdin er afturkræf, enda auðvelt að fjarlægja sendinn án sýnilegra ummerkja. Sendirinn mun tengja Landmannahelli við farsímanet með tilheyrandi öryggi. Hellismenn sjá um framkvæmdina.

**Áhrifamat:**

Friðland að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979. Mannvirkjagerð og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar.


Um er að ræða framkvæmd sem Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að valdi spjöllum eða raski á verndargildi friðlandsins. Þá er ekki er talið að sendirinn muni hafa áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnunin heimilar því fyrir sitt leyti uppsetningu fjarskiptasendisins með eftirfarandi skilyrðum:

**Skilyrði:**

- Að friðlýsingarskilmálum sé fylgt í hvívetna og umgengni um svæðið verði góð
- Ekki verði ekið utan vega nema á snjó
- Haft verði samband við sérfræðing svæðisins, Jón Björnsson, sími 822 4056, áður en framkvæmd hefst, ekki síst vegna lokunar sem gilda á svæðinu á vorin
- Allur frágangur sé til fyrirmyndar

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Jón Björnsson

Sérfræðingur friðlandsins að Fjallabaki